



Borgarráð

Bryggjuhverfi, stækkun III. Landfyllingar.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að fara í framkvæmdir við að ljúka gerð landfyllinga vegna stækkunar Bryggjuhverfis.

Kostnaðaráætlun 2 er 700 m.kr.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist í janúar 2021.

Greinargerð:

Um er að ræða framkvæmdir við landfyllingar í Bryggjuhverfi III (Bryggjuhverfi vestur), að hluta á því svæði þar sem áður var athafnasvæði Björgunar.

Faxaflóahafnir og Björgun gerðu með sér samning á árinu 2016 um flutning Björgunar af svæðinu. Þar komu fram almennir og sértækir skilmálar fyrir þeim aðgerðum sem Björgun var ætlað að framkvæma áður en til flutnings þeirra kæmi. Faxaflóahafnir og Reykjavíkurborg gerðu svo með sér samning um afhendingu á landinu til Reykjavíkurborgar til íbúðauppbýggingar. Í þeim samningi var kveðið á um ákveðið magn fyllingarefnis sem til staðar var á svæðinu.

Framkvæmdir nú felast í því að ljúka við fyllingar og gera lóðir byggingarhæfar í samræmi við það skipulag sem samþykkt hefur verið af svæðinu.

Koma þarf með fyllingarefni á svæðið um 250 þús. m³ og útbúa svokallaða farghauga á hverri lóð fyrir sig. Fering þarf að sitja á landi í nokkurn tíma til að ná fram því sigi sem annars hefði orðið á nokkrum árum undan þyngd húsa.

Uppbygging er hafin á tveimur lóðum á svæðinu, Tangabryggju 1 (Bjarg og Félagsbússtaðir) og Tangabryggju 5 (Búseti). Um er að ræða lóðir merktar A og B á meðfylgjandi uppdrætti.

Gert er ráð fyrir að lóðir D og G geti orðið byggingarhæfar haustið 2021 og austur-hluti lóða C, E og H vorið 2022. Aðrar lóðir á svæðinu yrðu byggingarhæfar 2023.

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.
Kostnaðarstaður: 3104
Kostnaðaráætlun 2: 700 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:
Yfirlitsmynd



SKÝRINGAR:

Lóðamörk

Byggingarreitur

Gólfkóti 1. hæðar

Hnitakerfi: Reykjavíkurkerfi

Hæðarkerfi: Hæðarkerfi Reykjavíkur

Yfirlit mælinga:

Farghaugur 1: Mæling 12. maí 2019

Farghaugur 2: Mæling 13. nóvember 2019

Landlíkan: Mæling 27. apríl 2020

Borholur BJC-01, BJC-02 og BJC-03:

Skýrsla VST frá 2002 um könnun lausra jarðlaga í bryggjuhverfi í Grafarvogi.

01000

0

100

200 m

1:2000

Frumstærð blaðs A2

VERKÍS

www.verkis.is - sími: 422 8000

SAMPYKKT:

1 2020-10-12 DRÖG AFT AFT

ÚTG DAGS SKÝRINGAR TEIK HANN RÝNT SAMP

VERKFANG 05168 TEIKNING 008.C71.B12 1

Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

BORGARTÚN 12-14

105 Reykjavík

Sími: 411 1111

BRYGGJUHVЕРFI STÆKKUN, RVK

Yfirlitsmynd, farghaugar

Mkv: 1:2000

Særð: A2

Teikn. nr.: B12

Útg.: 1

Dags: 2020-10-12

© Öll afnot og afritun teikninga, að hluta eða í heild er háð skriflegu leyfi höfundar